

MONITOR




TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ



WRIGLEY'S
Extra®

Gott bragð fyrir heilbrigðar tennur...



Tannlæknafélag Íslands mælir
með notkun xylitols sem
aðalsætuafnis í tyggigúmmii

Rannsóknir sýna að notkun sykurlauss **Extra** eykur munnvatnsframleiðslu, jafnar sýrustig, heldur tönnunum hreinum og stöðvar sýklaárásir á þær. **Extra** minnkar upptöku hitaeininga og dregur það úr streitu í amstri hversdagsins.



Aðgerðin var ekki fyrir mig

Mynd/Eggert

BALDVIN FYRIR UTAN SPÍTALANN Á LEIÐ Í HEIMSÓKN TIL VÖLU

Baldvin Vigfússon styður kærustu sína, Völu Grand, eftir kynskiptiaðgerð

„Ég var stressaður á meðan aðgerðin stóð yfir, en hún tók rúmar fjórar klukkustundir. Mér var létt þegar ég fékk að sjá hana eftir aðgerðina og batavegurinn hefur þegar hafist mjög vel,“ segir Baldvin Vigfússon, kærasti Völu Grand til tveggja ára, en Vala gekkst undir kynskiptiaðgerð síðastliðinn sunnudag. Sænskur læknir kom til landsins og framkvæmdi aðgerðina og var Vala á meðal fjögurra Íslendinga sem gengust undir hníf hans.

„Þetta hefur staðið til síðan hún var mjög ung, þegar hún vissi hver hún var og langaði að verða kona. Hún hefur alltaf verið staðráðin í að fara í aðgerðina,“ segir Baldvin. Kynskiptiaðgerð er mjög flókin, enda er getnaðarlimurinn fjarlægður og taugaendar færðir til. Baldvin segir að Vala muni einbeita sér að bata sínum næstu fjóra til

sex mánuðina og hluta þess tíma verður hún rúmliggjandi.

Héldu að ég væri að prófa mig áfram

Baldvin játar að til að byrja með hafi honum óneitanlega þótt sérstakt að eiga kærustu með typpi, en áréttar að hann hafi ekki þrýst á Völu að fara í aðgerðina. „Mér fannst þetta mjög skrítið til að byrja með, en ég sá hana þó alltaf eins og hún er, sem konu. Við urðum ástfangin og ég hef engar efasemdir haft síðan. Aðgerðin er alls ekki fyrir mig heldur alfarið fyrir Völu,“ segir Baldvin.

Hann segir fjölskyldu sína og vini ekki hafa tekið vel í fregnirnar er hann byrjaði að hitta Völu. „Vinir mínir héldu í fyrstu að ég væri að prófa mig eitthvað áfram og myndi að lokum fá nóg. Í dag hafa þeir kynnst Völu og okkar sambandi svo þeir sýna því fullan skilning. Fjölskylda Völu hefur alltaf sýnt henni og okkur stuðning sem hefur hjálpað mikið,“ segir Baldvin.

Með stærstu lífsskrefunum

Próun kynskiptiaðgerða hefur verið mikil á undanförmum árum. Ferlið

hefst á því að viðkomandi þarf að lifa í eitt ár eins og manneskja af hinu kyninu. Því næst tekur við hormónameðferð sem stendur yfir í allt að tvö ár. Að hormónameðferð lokinni er hægt að skrá sig í aðgerðina, þar sem kynfærunum er breytt. Vala mun þó ekki þurfa að kynnast tíðablæðingum eins og flestar konur, megi hún þakka fyrir það.

Þónokkur eftirspurn er eftir kynskiptiaðgerðum hérlendis og bíða margir Íslendingar eftir því að komast að. Aðgerðin er ekki framkvæmd af íslenskum læknum og er því sjaldgæf hér á landi. „Aðgerðin er auðvitað með stærstu lífsskrefum sem Vala mun nokkurn tímann stíga. Við tókum svo bara einn dag í einu þar til hún hefur jafnað sig að fullu,“ segir Baldvin.



f Vala Grand 7. júní kl. 16:14
Aðgerðin gekk vel, núna er mér geggjað illt í klobbanum so stay tuned

Feitast í blaðinu

HM-upphitun
Hvernig verður HM hjá nokkrum þekktum úr boltanum? >>4

Steindi Jr. er sláandi líkur leikara úr Hollywood. En hverjum? >>6

Haukur Heiðar, læknir og söngvari Diktu, í skemmtilegu viðtali. >>8

Stíllinn spjallar við Unu Hlín sem hannaði fatamerkið Royal Extreme. >>13

Fílófaxið hefur að geyma alla helstu viðburði helgarinnar á einum stað. >>14

Efst í huga Monitor

Ég er með HM

Nú er búið að ryðja öllu um koll á skrifstofu Monitor til að koma fyrir gömlu Samsung-sjónvarpi sem var grafið upp í ónefndri geymslu í miðbæ Reykjavíkur. Hver er ástæðan fyrir því, spyrjið þið. Jú, ritstjórn Monitor er komin með HM-veiruna. Nú verður fótboltinn settur í fyrsta sæti. Meirihluti landsmanna er eflaust í sömu sporu og er þegar farinn að skálda upp sjúkdómsgreiningar til að sleppa við vinnu, svo hægt sé að vera heima að horfa á þessa miklu knattspyrnuveislu.

Það eru þó ekki allir jafn spenntir. Vinkona mín sagðist til dæmis ekki skilja hvers vegna það væri svona mikið fár í kringum HM í ár, hún hefði varla tekið eftir því þegar það var

haldið í fyrra og hittifyrra.* Það tekur því ekki einu sinni að reyna að leiðrétta svona fólk. Henni til huggunar er hún ekki ein um að vaða í villu. Leikarinn Jackie Chan lét hafa eftir sér í viðtali á dögunum að hann væri fullviss um að annað hvort Barcelona eða Milan yrði heimsmeistari!** Kollegi hans Zac Efron sagði við fjölmiðla að hann gæti ekki beðið eftir því að sjá leik Bandaríkjanna og Manchester United.*** Hann þarf líklega að bíða svolítið lengi eftir því blessaður.

Þótt einhverjir eigi enn eftir að sjá ljósið mun það væntanlega gerast um helgina, þegar boltinn byrjar að rúlla. HM-veiran er nefnilega bráðsmitandi.



CANNAVARO LYFTIR BIKARNUM 2006

Ég hvet alla til þess að leyfa sér að slaka á og njóta lífsins yfir HM á meðan það stendur. Svo tekur við önnur fjögurra ára bið eftir tilgangi í lífið.

Gleðilegt HM!

Björn Bragi, ritstjóri

* HM er haldið á fjögurra ára fresti.
** Barcelona og Milan keppa ekki á HM, enda mæta einungis landslið til leiks.
*** Manchester United er ekki landslið.


Monitor mælir með

Á NETINU Sundlaugar.is er stórfinn vefur þar sem finna má upplýsingar um allar sundlaugar landsins auk umsagnar og einkunnar um hverja laug. Það fylgir sumrinu að vera duglegur að fara í sund en sundlaugar eru fleiri og fjölbreyttari en marga grunar. Náttúrulaugar leynast steinsnar frá höfuðborgarsvæðinu og hin ýmsu sveitarfélög luma á frábærum laugum.



STEMNINGIN C is for Cookie nefnist glænýtt kaffihús á Óðinstorgi, við enda Týsgötu. Þar hefur tekist að skapa mjög kósý stemningu og kaffi og meðlæti er af bestu gerð. Það vilja allir hafa grósku í miðborginni og um að gera að ýta undir slíka framtakssemi einstaklinga.

Í BÍÓ Get Him to the Greek er drepfyndin grínmynd sem haldið er uppi af leikurunum Jonah Hill og Russell Brand, en ýmsir aukaleikarar setja einnig svip sinn á myndina, ekki síst rapparinn Puff Daddy sem sýnir á sér nýjar hliðar. Einföld og góð skemmtun.



Vikan á...

facebook

The Charlies
We had an amazing week in Glenwood Place Studios!!
... Nothing better than making music in such a good atmosphere. Ohh and Maroon 5 were next door :-)...Gotta love it!!
Hugs&kisses, A, C & K
4. júní kl. 23:02

Dagur B. Eggertsson
er í góðu skapi - spennandi meirihluti myndaður í dag - en hvað á hann að heita?
4. júní kl. 21:22

Jóhannes Ásbjörnsson
Átti einu sinni páfagauk sem hét því karlmannlega nafni Kíkí. Hann lést úr búlemíu. Blessuð sé minning hans.
5. júní kl. 09:18

Bubbi Morthens
Öllum má vera það ljóst að það er munur á ljósi og ljósi.
8. júní kl. 07:30

Dóri DNA Notar ekki broskalla / var notaður af brosköllum.
8. júní kl. 10:52



Systralagið



Vilt þú verða UNIFEM-systir?

UNIFEM á Íslandi kynnir til sögunnar nýtt átak, **Systralagið**, sem miðar að því að hvetja Íslendinga til að standa með systurum sínum víðsvegar um heim og uppræta ofbeldi, fátækt og óréttlæti.

Með því að ganga í **Systralagið** ákveður þú að greiða mánaðarlega upphæð og styrkja þannig konur og fjölskyldur þeirra til betra lífs.

Gakktu í Systralagið á www.unifem.is eða hringdu núna í síma **552 6200**.

Kvinnasjóður Sameinuðu þjóðanna



Frábær staður til að kynna hinu kyninu

Háskóladansinn hefur slegið í gegn og stendur fyrir sumarnámskeiði sem hefst í næstu viku



ELFAR Í TRYLLTUM DANSI ÁSAMT KÆRUSTU SINNI EN ÞAU ERU BÆÐI Í HÁSKÓLADANSINUM

Mynd/Ernir

„Dans er mjög vinsæll á Íslandi um þessar mundir og það vantaði svona tækifæri fyrir fólk,“ segir Elfar Rafn Sigþórsson, formaður Háskóladansins. Háskóladansinn er dansfélag sem sett var á laggirnar árið 2007, en þar er boðið upp á mörg mismunandi dansnámskeið, bæði fyrir einstaklinga og pör. Elfar segir um 250 meðlimi hafa verið í félaginu á síðustu önn og vinsældirnar verið svo miklar að ákveðið var að bjóða upp á sumarnámskeið sem hefst í næstu viku.

„Þetta er margfalt ódýrara og fleiri tímar í boði en annars staðar. Ástæðan fyrir því að við getum haft þetta svona ódýrt er að allt félagið er rekið í sjálfböðavinnu. Allur ágóðinn fer í að greiða fyrir húsnæði,“ segir Elfar og bætir við að einnig hafi verið ákveðið að greiða fyrir erlenda gestakennara, sem munu leiðbeina á sumarnámskeiðinu. „Það eru heimsklassa dansarar

að koma að kenna, til dæmis parið sem er í öðru sæti á heimslistanum í Boogie Woogie,“ segir Elfar.

Allir dansa við alla

Elfar segir að þótt markhópur Háskóladansins sé háskólanemar úr öllum skólum landsins, þá séu allir velkomnir og raunar sé nokkuð stór hluti meðlima félagsins ekki í háskólanámi. Hann segir fólk ekki þurfa að mæta með dansfélaga, heldur sé algengara að einstaklingar mæti stakir. „Við höfum þann háttinn á að allir dansa við alla. Það hefur gengið mjög vel,“ segir Elfar og játar því að Háskóladansinn sé kjörin veiðinýlenda fyrir fólk í makaleit.

„Þetta er mjög góður staður til að hitta fólk af hinu kyninu. Það er mikið um það,“ segir Elfar og hlær.

Háskóladansinn

Annargjald hjá Háskóladansinum er 5.000 krónur fyrir háskólanema og 7.000 krónur fyrir aðra. Sumarnámskeiðið hefst þriðjudaginn 15. júní og stendur til 20. júní. Allar upplýsingar um sumarnámskeiðið og félagið í heild sinni má nálgast á vefsíðunni Haskoladansinn.is.



RAKEL KRISTINSDÓTTIR

23.08.92
Nemi á þriðja ári í Verzló.

Hvað filar þú helst í tísku um þessar mundir?
Mér finnst fylltir hælur mjög flottir og blazerar.

Hvaða litum klæðist þú helst?
Svörtu, hvítu og mildum litum.

Hvað filar þú helst við dressið?
Mér finnst skyrtan mjög flott, góð í sumar.

Uppáhaldsmerki?
Topshop.

Uppáhaldsfylgihlutur?
Það er sitt hálsmen með hjartameni.

Er eitthvað sem þú myndir aldrei klæðast?
Húðlítuðum, glansandi sokkabuxum.

Hvaða snyrtivörur notar þú daglega?
Yfirleitt bara maskara.

Hvað ertu yfirleitt með í töskunni?
Veski, síma, lykla og i-pod.

Hvað ertu að hlusta á?
Ég hlusta helst á hip-hop og léttu tónlist.

Uppáhaldspáttur?
How I Met Your Mother og The O.C. er klassiskur.

Hvað ertu að gera í sumar?
Ég er að fara í dansskóla til New York í tvær vikur. Þegar ég kem heim fer ég að vinna á Eldsmíðjunni og skelli mér kannski í nokkrar útilegur.

Fallegasti karlmaður?
Leonardo DiCaprio.

Fallegasta kona?
Penelope Cruz.

Fyllta hæla og léttar skyrtur í sólskinið

Rakel kíkta með Monitor í Sautján og fann sér hrikalega töff dress. Fylgihlutir gera mikið fyrir lúkkið.



DELIPSCIOUS-VARASALVI, WATERMELON CRUSH
Ljósbleikur með vatnsmelónulykt.
1.390 kr.

HÁLSMEN KROSS
Gerir mikið fyrir skyrtuna sem annars er látlaus.
2.990 kr.
Sautján

HÁLSMEN
1.990 kr.
Sautján

HÁLSMEN FJABRIR
3.990 kr.
Sautján

SKYRTA
Nauðsynleg flík í skápinn, flott að hafa hana síða við þröngar buxur eða leggings.
6.990 kr.

BOLUR
Undirtoppur sem gott er að eiga í basic litum.
2.990 kr.
Sautján

GEL FYRIR AUGNHÁR OG AUGABRÚNIR
Glært gel, næring fyrir augnhárin, mótar augabrúnnirnar.
1.340 kr.

GALLABUXUR
Flottur litur á þessum gallabuxum fyrir bjartari daga.
18.990 kr.
Sautján

BRONZING POWDER
Frískandi sólarpúður.
1.990 kr.

FYLLTIR HÆLASKÓR
Fylltir hælur eru í öllum tiskublöðum um þessar mundir.
8.990 kr.
GS-skór



Myndir/Golli



Tvífararnir Steindi Jr. og Michael Cera


Grínþátturinn Steindinn okkar hefur slegið í gegn á Stöð 2 og hafa atriði úr þáttunum, sem sett hafa verið inn á YouTube, fengið mikið áhorf. Innan um þann fjölda sketsa sem finna má með Steinda Jr. á YouTube er að finna myndband frá árinu 1999, þegar Steindi er 15 ára og veður mömmu sína með óborganlegum hætti. Það sem veður einna mesta athygli við myndbandið er hversu sláandi líkur Steindi er leikaranum Michael Cera, sem er þekktastur fyrir að leika í kvikmyndunum Superbad og Juno.

„Ég er ekki frá því að ég sé frekar líkur honum, þegar þú segir það,“ sagði Steindi Jr. þegar Monitor bar tvífarann undir hann. Steindi er þó á því að hann hafi verið líkari Cera á sínum yngri árum. „Ég fór að borða svo mikið saltkjöt og maður títar svo út af því, þannig að ég líkist honum eflaust minna með hverju árinu sem líður,“ segir Steindi.

Fyrsta þáttaröð af Steindanum okkar er senn á enda, en nú á föstudag verður svokallaður „best of“ þáttur og föstudaginn þar á eftir verður lokaðurinn sem inniheldur sketsa sem ekki mátti sýna upphaflega. „Þetta verður grófi þátturinn. Mér skilst að hann verði stranglega bannaður börnum.“



USAIN BOLT FOR **PUMA**®



ANIMAGICAL



NEW FRAGRANCES FOR HIM & HER
GET WILD!

Maður þarf ekki til að vera í

■ ■ Ég hef lent í því að taka á móti sjúklingi sem segist hafa verið á tónleikum með mér kvöldið áður.



viðtalið

að vera hálfviti hljómsveit

Æðið sem hefur gripið um sig vegna hljómsveitarinnar **Diktu** minnir helst á uppgang fótanuddtækisins forðum. **Haukur Heiðar Hauksson** og félagar hans í hljómsveitinni sýna þó engin merki um að ætla að rykfalla í geymslum landsmanna.

Texti: Haukur Johnson
Myndir: Ernir

haukurjohnson@monitor.is
ernir@mbl.is

Sumir metnaðargjarnir unglingar láta sig dreyma um að verða læknar, aðrir um að verða frægir rokkarar. Hauki Heiðari Haukssyni, söngvara Diktu, fannst bæði betra og starfar nú sem lækni á heilsugæslustöð milli þess sem hann spilar fyrir troðfullum sal ólmra aðdáenda. Hljómsveitin hafði starfað saman í um áratug áður en hún gersamlega sló í gegn og hefur nær einokað efstu sæti íslenskra vinsældalista um margra mánaða skeið með nýjustu plötu sinni, Get It Together. Þeir eru þó hvergi nærri hættir og hyggjast í bráð reyna fyrir sér af alvöru á meginlandi Evrópu.

Hvernig unglingur varstu og vissirðu snemma í hvaða átt þú vildir stefna?

Að sögn móður minnar var ég algert ljós þangað til ég varð unglingur. Ég var bara algert nörd og lærði mikið. Ég stundaði líka fótbolta og körfubolta. Ég er mikill fótboltaáhugamaður. Í menntaskóla komst ég svo að því að ég þyrfti kannski ekki að vera með nefið í bókunum allan daginn til að ganga vel. Ég byrjaði í Diktu á fyrsta ári í MH en ég hafði verið í einhverju bílskúrsbandi þar á undan. Svo tók ég margoft þátt í lagasmíðakeppnum í MH, svo það hefur líklega ekkert komið á óvart að ég færi út í tónlistina.

Eru fleiri tónlistarmenn í fjölskyldunni þinni?

Pabbi er píanóleikari, er búinn að vera undirleikari hjá Ómari Ragnarssyni í svona 37 þúsund ár og hann er reyndar líka lækni. Ég á þrjú systkini sem hafa öll verið eitthvað í tónlist. Bróðir minn er til dæmis klassískur píanóleikari og systir mín hefur verið að syngja. Þau eru töluvert eldri en ég. Þau voru mjög góð við mig og ég var ekki mikið laminn. Ég lærði svo sjálfur á píanó í einhverjum árum en er sjálfærður á gítar. Það var svona unglingauppreisn.

Er pabbi þinn þá þín fyrirmynd?

Ætli maður verði ekki að viðurkenna það að maður lítur upp til gamla mannsins. Þegar ég var krakki sagðist ég alltaf ætla að verða lækni og spilamaður eins og pabbi. En það var aldrei neinn þrýstingur á mig að heiman að fara í læknisfræði. Ég held að rúmlega helmingur bekkjarfélaga minna í læknisfræðinni hafi verið læknabörn og sumstaðar hefur verið þrýst á þessa krakka að fara í námið. Ég ákvað þetta í MH af því mér fannst líffræði og allt sem tengist mannlíkamanum skemmtilegt.

Þú virkar mjög yfirvegaður og rólegur. Er það nauðsynlegt fyrir þá sem vilja vera læknar?

Það finnst nú allar típur innan geirans. Að einhverju leyti er auðvitað nauðsynlegt að geta verið yfirvegaður. Að missa ekki stjórna á sér þegar eitthvað bjátar á og geta hugsað næstu skref. Ég er samt ekkert sá rólegasti í heiminum þótt ég sé ekki mjög skapmikill. Það getur margt farið í taugarnar á mér. Til dæmis frekt fólk.

Hvernig bregðast sjúklingar við því þegar landsþekktur tónlistarmaður tekur á móti þeim?

Fólki finnst það oft kannast rosalega mikið við mig en það finnur oft ekki tenginguna. Ég er ekkert að hjálpa þeim neitt mikið. Það spyr mig kannski hvort við höfum verið saman í skóla og ég segi bara: „Það getur vel verið, ég veit það ekki.“ Það er að sjálfsögðu gott að geta bara verið lækniinn sem gengur inn í stofuna en ekki einhver sem fólk er með fyrirfram mótaðar hugmyndir um. Ég hef lent í því að taka á móti sjúklingi sem segist hafa verið á tónleikum með mér kvöldið áður. En þetta hefur aldrei orðið til neinna vandræða.

Það hefur mikið verið gert úr því að þú sért lækni og að Dikta sé best menntaða hljómsveit á Íslandi. Finnst þér þessi umræða orðin þreytandi?

Ég skil vel að fólki finnst það merkilegt að einhverju leyti að ég sé lækni og að Nonni trommari sé flugmaður og svo framvegis. En það er algengur misskilningur að maður þurfi að vera einhver hálfviti til að vera í hljómsveit. Að maður þurfi að vera alltaf blindfullur eða út úr dópaður til að vera í rokkhljómsveit. Það er bara vitleysa.

Á 60 SEKÚNDUM

Skemmtilegt læknisfræðilegt hugtak: Nonni trommari er voðalega hrifinn af orðinu kokhlust.

Ógnvekjandi manneskja: Jack Bauer.

Eitthvað vandræðalegt: Að stökkva upp á svið og detta. Ég hef prófað það. Það var á fyrstu útgáfutónleikum okkar. Það var frekar vandræðalegt.

Eitthvað undarlegt við þig: Ég er gríðarlega mikill aðdáandi Liverpool. Það er mjög undarlegt.

Ógirnilegur matur: Ég er ekki matvandur en sviðasulta er ekki girnileg.

Frábær hljómsveit: Dikta!

Eitursvalur maður: Jack Bauer.

Ógeðslega þirrandi hljóð: Hljóðið sem kemur úr posa þegar það er ekki innstæða á kortinu.

Hlutur sem mig langar í: Mig langar sjúklega í Fender Telecaster.



Maður á bara að gera það sem manni finnst skemmtilegt. Mér finnst bæði skemmtilegt að vera lækni og tónlistarmaður svo ég geri bara bæði. Ég sé ekki að annað þurfi að draga úr hinu. Svo held ég að flestar hljómsveitir á Íslandi í dag séu eitthvað menntaðar, nema kannski þessar allra yngstu. Við erum engin unglömb, erum 27 ára gamlir.

En margir ungir tónlistarmenn stunda barina nokkuð vel enu að síður. Þú varst í erfiðu námi í mörg ár og gast kannski ekki stundað þá jafngrímt. Heldur þú að það hafi hamlað þér í því að mynda tengslanet?

Já og nei. Við höfum svo sem aldrei verið partur af þessari hipp og kúl klíku. Við höfum alltaf bara verið einhverjir gaurar úr Garðabænum, bestu vinir að spila tónlist. Svo hafa vinsældirnar komið með tímanum. Þeir sem eru mikið á börnum kynnast kannski fleirum og mynda klíkur. En ég sé ekkert eftir því. Svo lengi sem menn eru góðir tónlistarmenn og hafa gaman að því sem þeir eru að gera þá held ég að þeir nái vinsældum.

En þú drekkur samt áfengi?

Já, já. Ég drekk áfengi, en aldrei fyrir tónleika. Ég hef það bara sem mottó. Í fyrsta lagi finnst mér ég spila verr ef ég geri það. Það fá sér margir eitthvað að drekka áður en þeir fara á svið til þess að róa taugarnar og þeim finnst þeir verða afslappaðri og spila betur. En ég held ég geti fullyrt að það spilar enginn betur þegar hann er fullur. Svo hefur þetta líka áhrif á röddina mína. Ég hef prófað að drekka bjór áður en ég kem fram og það fer mjög illa í röddina mína.



Er það rétt að enginn ykkar reyki heldur?

Það reykir enginn í hljómsveitinni og hefur aldrei gert. Ég veit ekki um neinar rokksveitir þar sem enginn reykir. Sem læknir er ég auðvitað mjög mikið á móti reykingum. Ég fæ að sjá og dýla við afleiðingar þeirra. Það er ekki töff að reykja.

Þið eruð vinsælir hjá öllum aldurshópum, ekki síst krökkum. Finnst þér þú þurfa að vera til fyrirmyndar?

Auddi og Sveppi spurðu mig einu sinni hvort ég drykki fyrir gigg og ég sagði nei. Ég fékk mjög mikil viðbrögð við því. Einhver móðir hafði samband við mig og sagði að þetta væri alveg frábært, nú ætlaði sonur hennar sko ekki að drekka. Þannig að það er bara mjög jákvætt. Gaman að geta látið eitthvað gott af sér leiða. En þetta setur auðvitað líka ákveðna pressu á mann um að halda sér á mottunni.

Þið sunguð upphaflega á íslensku en hafið skipt alveg yfir í ensku. Hvers vegna gerðuð þið það?

Þetta bara þróaðist svona. Ég raula oft eitthvað á ensku á meðan ég sem á gítarinn. Stuttu eftir fyrstu plötuna samdi ég lag þannig og það voru nokkrar setningar á ensku sem ég vildi ekki henda út. Svo ég samdi bara texta í kringum það. Þá vorum við komnir með eitt lag á ensku, svo kom annað af sömu ástæðu og þá ákváðum við bara að skipta yfir í ensku. Enska er mjög söngvænt tungumál. Hún flæðir vel og það er auðvelt að breyta og skipta út orðum, fjölga atkvæðum og svo framvegis. Þegar við fórum að spila erlendis þá að sjálfsögðu hjálpaði það að syngja á ensku.

Sumum er illa við að íslenskar hljómsveitir syngi á ensku. Hvað segir þú við því?

Við höfum fengið flugu frá Dr. Gunna og einhverjum fleiri um að það sé kjánalegt að poppbönd syngi á ensku á Íslandi og þá er Sigur Rós stundum tekin sem dæmi því þeir syngja á íslensku. En það er svona mystísk tónlist og það eykur bara á mystíkina fyrir útlandingana. Það að syngja venjulega popp-eða rokk tónlist á íslensku fer ekkert vodafone vel í útlandingana held ég. Mozart samdi nú óperur á ítölsku. Ég held að það hafi enginn böggð hann út af því.

Þið hafið spilað saman mjög lengi. Þurfið þið aldrei að taka ykkur pásu frá hver öðrum?

Við erum búnir að vera saman í hljómsveitinni í 11 ár og þetta eru allt sömu gaurarnir. Við höfum aldrei skipt neinum út. Það er ekkert erfitt því við erum svo góðir vinir. Að fá að ferðast út um allt og spila og skemmta sér með vinum sínum er bara snilld. Maður hefur heyrt sögur af böndum þar sem einhverjir meðlimir talast ekki við og ég skil ekki hvernig það er hægt. Hvernig menn ná einhverju „chemistry“ á sviði ef þeir eru ekki félagar. Hvað þá að geta hangið í bílum og rítum heilu og hálfu dagana á ferðalögum erlendis. Það er mjög mikilvægt að vera góðir vinir.

Fólk úti í heimi verður svo þakklátt þegar maður svarar skilaboðunum þeirra. Þá verður það bara að ofuraðdáendum.

Þið hafið gefið út þrjár plötur og þótt þið hafið vakið einhverja athygli áður þá hafa vinsældir ykkar margfaldast eftir útgáfu nýjust plötunnar, Get It Together. Var þetta ströggil í byrjun?

Þetta hefur aldrei verið ströggil af því okkur finnst þetta gaman og erum að þessu til að skemmta okkur sjálfum. En aðdáendurnir komu ekkert stökkvandi á okkur. Í gamla daga var maður stundum að stressa sig yfir því hvort nógu margir myndu mæta og svo mættu kannski 20 manns. Vinsældirnir hafa farið stigvaxandi síðustu árin. Í tvö til þrjú ár hefur alltaf verið fullt á tónleikum og tónleikastaðirnir hafa stækkað. Við gáfum út plötu 2002 og það voru gerð einhver 600 eintök af henni og við eigum ennþá til einhver. En það er búið að framleiða sjö þúsund eintök af nýju plötunni. Þannig að þetta er tífold aukning.

Mozart samdi nú óperur á ítölsku.

Ég held að það hafi enginn böggð hann út af því.

Þið fenguð afhenta gullplötu um daginn. Áttuð þið von á að platan yrði svona vinsæl?

Okkur óraði aldrei fyrir því að við myndum fá gullplötuna fyrir þessa plötu og ég bjóst aldrei við því að eiga eftir að hafa gullplötu hangandi uppi á vegg. En það er gríðarlega ánægjulegt engu að síður. Þá verður það bara platinuplata næst. Ég veit ekki einu sinni hvað það eru mörg eintök samt. En mér fannst þessi plata strax rosalega góð. Persónulega fannst mér platan á undan líka mjög góð en þessi er margfalt betri.

Er þetta ekki gott fyrir egóið?

Jú, en maður reynir náttúrulega að halda sér á jörðinni. Maður veit að þetta getur hrunið á nokkrum mánuðum. Íslendingar eru gjarnir á að finna sér einhverja bólu. Ýmsir tónlistarmenn hafa orðið frægir á þremur dögum en svo endist það kannski í hálf ár. Maður vonar að við séum ekki í þeim pakknum, af því við erum búnir að vera að byggja þetta upp í mörg ár.

Hvernig ætlið þið að fylgja þessum vinsældum eftir?

Við erum strax farnir að huga að næstu plötu en hún kemur ekki á þessu ári. Við erum búnir að fylgja þessari plötu mjög vel eftir og ætlum að halda því áfram hér heima í sumar. En svo ætlum við að reyna fyrir okkur erlendis líka og erum þá aðallega að hugsa um Evrópu. Við erum til dæmis nýkomnir frá Þýskalandi þar sem við funduðum með aðilum sem við erum mögulega að fara að vinna með. Svo spiluðum við á tónlistarhátíð í Lúxemborg þar sem Íslendingafélagið lét sig ekki vanta. Sem var mjög gaman.


Hafið þið fundið fyrir auknum áhuga erlendis?

Já, vissulega. Netíð hefur hjálpað okkur. Þegar við spiluðum í Aachen í Þýskalandi þá hittum við til dæmis gaur sem hafði fylgst með okkur frá því hann heyrði lagið Breaking the Waves á Netinu fyrir fimm árum. Svo fór ég á sólóttúr í Bandaríkjunum í fyrra og þá hitti ég konu sem hafði keyrt frá Boston til New York bara til að sjá mig. Hún keypti eiginlega alla diskana okkar sem ég hafði sótt í geymslu í Los Angeles til þess að taka heim. Hana langaði að dreifa þeim til vina og kunningja í afmælisgjafir og slíkt. En hún hafði kynnst okkur á MySpace og hafði sent einhver skilaboð. Fólk úti í heimi verður svo þakklátt þegar maður svarar skilaboðunum þeirra. Þá verður það bara að ofuraðdáendum.

Hvað ef þið sláið í gegn? Nú átt þú til dæmis eftir að fara í sérfræðinám og hinir hljómsveitarmeðlimirnir eru líka að sinna sínum störfum og námi. Erðu þið reiðubúnir að verða frægir erlendis?

Ég hafði meiri áhyggjur af þessu þegar ég var enn í náminu. Ef einhver tækifæri hefðu komið upp þá sem krefðust þess kannski að maður færi á túr í þrjú mánuði þá hefði það verið erfitt. En það er ekkert því til fyrirstöðu hjá mér að fara á fullt í þetta núna. Ég held að hinir séu alveg á sömu skoðun þótt þeir séu líka að klára sitt nám. Þannig að maður tekur að sjálfsögðu tillit til þess. Ég er búinn að ákveða að fresta því að fara út í sérnám um allavega eitt eða tvö ár og leyfa bandinu að halda áfram og þróast. Ef við verðum svaka vinsælir einhvers staðar þá bara geymi ég það lengur. Ég er ekkert að fara að gleyma læknisfræðinni á tveimur árum.





Stígandi unaður

Maltesers[®], súkkulaði á léttan máta



FERILLINN



Zoe Saldana

Hæð: 170 sentimetrar.
Besta hlutverk: Neytiri í Avatar. Þótt hún sé ekki beint auðþekkjandleg í Na'vi-gervinu verður hennar ávallt minnst fyrir hlutverk sitt í þessari frábæru mynd.
Skrytín staðreynd: Þykir sláandi lík leikkonunni Thandie Newton og í viðtali í sjónvarpsþætti Jimmy Kimmel greindi hún frá því að móðir hennar hefði eitt sinn ruglast á þeim.
Eitruð tilvitnun: „Ég er stolt af því að segja að ég er algjör nörd.“

1978 Fæðist 19. júní í New Jersey og er skíró Zoe Yadira Zaldiva Nazario.

1988 Flyst 10 ára gömul með fjölskyldu sinni til Dóminíska lýðveldisins, en faðir hennar er ættaður þaðan.

1995 Flytur aftur til Bandaríkjanna, nánar tiltekið til New York, þar sem hún gerir það gott með leik- og danshópnum Faces.

2000 Fær sitt fyrsta kvikmynda-hlutverk í kvikmyndinni Center Stage, sem fjallar um hóp dansara í virtum ballettskóla. Zoe hefur einmitt sterkan bakgrunn í dansi og ballet.

2002 Leikur í kvikmyndinni Drumline og sýnir góða frammistöðu, sem kemur henni á kortið. Sama ár lék hún reyndar líka í Britney Spears-myndinni Crossroads, en þeirri lífsreynslu hefur hún væntanlega reynt að gleyma sem fyrst.

2003 Leikur Anamariu í stórmyndinni Pirates of the Caribbean: The Curse of the Black Pearl og verður heimsþekkt.

2005 Byrjar með leikaranum Keith Britton. Þau eru ennþá saman í dag.

2009 Leikur eitt af aðalhlutverkunum í Avatar, tekjuhæstu mynd allra tíma. Hlýtur tilnefningar til ýmissa verðlauna fyrir frammistöðuna og kvikmyndaáttímaritíð Empire velur hana leikkonu ársins.



ÞAD BORGAR SIG EKKI AÐ FOKKA Í ZOE SALDANA ÞEGAR HÚN ER Í ÞESSUM HAM

Frumskýningar helgarinnar

The Losers

Leikstjóri: Sylvain White.
Aðalhlutverk: Jeffrey Dean Morgan, Zoe Saldana, Chris Evans, Idris Elba og Jason Patric.
Lengd: 97 mínútur.
Dómar: IMDb: 6,6 / Metacritic: 4,4 / Rotten Tomatoes: 47%
Aldurstakmark: 12 ára.
Kvikmyndahús: Sambíóin Álfabakka og Sambíóin Kringlunni.



Spennu- og ævintýramynd um CIA-sérsveitarmenn sem eru skildir eftir til að deyja í frumskógi í Bólvívu. Þeir ná hins vegar að bjarga sér fyrir horn og komast að því að þeir hafa verið sviknir allsvakalega. Með aðstoð hinnar dularfullu og gullfallegu Aishu leita þeir nú að svikaranum Max sem hefur í hyggju að koma af stað hátæknilegu alheimsstríði.

StreetDance 3D

Leikstjóri: Max Giwa og Dania Pasquini.
Aðalhlutverk: Nichola Burley, Charlotte Rampling, Richard Winsor og Rachel McDowall.
Lengd: 98 mínútur.
Aldurstakmark: 10 ára.
Kvikmyndahús: Háskólabíó, Laugarásbíó og Smárabíó.



Hópur götudasara og nemendur í Konunglega ballettskólanum neyðast til að dansa saman til að undirbúa keppnisatriði fyrir stóra götudasarkeppni. Götudasararnir fá í staðinn æfingahúsnæði en ballettdansararnir eru tilneyddir af kennaranum sínum, sem veit upp á hárfur við hverju er að búast þegar þessum tveimur dansstílum er blandað saman.



VILTU VINNA MIÐA?

Monitor ætlar að gefa nokkrum heppnum lesendum miða á **The Losers**. Það eina sem þú þarft að gera er að fara inn á Facebook-síðu Monitor og velja LIKE á kvikmyndaþráð vikunnar. Á mánudag drögum við svo út nokkra vinningshafa og sendum þá í bíó.

facebook.com/monitorbladi

Popp-korn

Mikið hefur verið rætt um hvort fimmta Indiana Jones-myndin verði gerð og nú halda ónefndir „heimildarmenn“ því fram að það sé ætlunin. Sagan segir að í nýju myndinni lendi Indiana Jones í ævintýrum í Bermúða-þríhyrningnum og Harrison Ford og Shia LaBeouf muni leika aðalhlutverkin eins og í síðustu mynd. Ef af þessu verður yrði myndin ekki frumsýnd fyrr en í fyrsta lagi árið 2012, en þá verður Harrison Ford sjötugur.




Bretar eru brjálaðir yfir því að nýr Harry Potter-skemmtigarður hafi verið reistur í Orlando í Bandaríkjunum en ekki í Bretlandi. Reyndar er ekki um heilan skemmtigarð að ræða, heldur Harry Potter-eyju sem verður hluti af Universal-skemmtigarðinum í Orlando. Bretar eru hins vegar svekktir, enda er Harry Potter ættaður frá Bretlandi og höfundurinn J.K. Rowling enskari en enskur morgunverður.



Sandra Bullock og Ryan Reynolds ætla að leiða saman hesta sína að nýju og leika í hasargamanmyndinni Most Wanted. Bullock og Reynolds léku saman í myndinni Proposal, sem kom út árið 2009 og var langt frá því að vera eins hræðileg og myndir af þessum toga eru gjarnan. Ekki hefur verið gefið upp hvenær tókur hefjast eða hvenær áætlað er að myndin komi út.



Michael Fassbender er einn heitasti leikari heims í dag eftir að hann sýndi magnaða frammistöðu í Inglourious Basterds. Fassbender lék aðalhlutverkið í Centurion sem er nú í bíó og er með nokkrar aðrar myndir í bígerð. Nýjustu fréttir af Fassbender eru á þá leið að Marvel-fyrirtækið hafi fengið hann til að leika stór hlutverk í nýju X-Men-myndinni, sem ber heitið X-Men: First Class, og í nýrri 3-D Spider-Man-mynd sem áætlað er að sýna árið 2012.



Sú saga gengur fjöllum hærra að til standi að gera nýja Mortal Kombat-kvikmynd. Á dögunum birtist stuttmyndin Mortal Kombat: Rebirth á YouTube og vissu fáir hvaðan hún kom eða í hvaða tilgangi. Nú vilja menn meina að þetta hafi verið prufumyndband fyrir væntanlega kvikmynd.



Whoop, whoop!

Drepfyndin saga úr íslenskum samtíma eftir blaðakonuna, bloggarrann og djúpulaugarvörðinn Þorbjörgu Marinósdóttur.


Frábær bók í friið!

„Mæli með þessari fyrstu skvísúbók Íslands :)“

Kolbrún Skaftadóttir / midjan.is

„Bridget Jones, eat your heart out!“

Haffi Haff



3. Sæti
 METSÖLULISTI EYMUÐSSON

Helidagstí 26 - 01.06.10



UNA HLÍN VINNUR MED GÆÐA EFTIR OG VÖNDUÐ SNIÐ

Stjörnu stríð

HVOR KLÆDDIST FLÍKINN BETUR?



Victoria Beckham fer látlaus leið við þennan skræpotta kjól. Olivia Palermo missir sig í fylgihlutum.



Jessica Simpson er sjaldnast smekklek. Audrina Paridge er mun flottari í blómasamfestingnum.



Suri Cruise og Violet Affleck bera kjólinn mjög vel. Jafntefli!



Tyra Banks og Kim Kardashian eru báðar flottar og fylgihlutirnir svipaðir. Tyra ber kjólinn þó betur.

Draumurinn að opna búð

Hvenær kom Royal Extreme á markaðinn? Línan var tilbúin í byrjun árs og merkið var í raun fyrst kynnt á Reykjavík Fashion Festival.

Hvað varstu lengi að vinna að línunni? Ég var í um 8-9 mánuði að vinna að línunni og skapa merkið, með annarri vinnu.

Hvað varstu að gera áður? Ég vann sem framleiðslustjóri hjá Andersen og Lauth, sem felur í sér yfirumsjón með framleiðslu og sniðagerð, og ég var líka aðstoðarfatahönnuður.

Hvað ertu menntuð? Ég byrjaði í Fjölbraut í Breiðholti á listabraut, því næst fór ég í almenna hönnun í Iðnskólanum og að lokum útskrifaðist ég úr fatahönnun frá Listaháskólanum 2007.

Hvernig finnst þér að koma ný inn á íslenska fatahönnunarmarkaðinn? Mér finnst það æðislegt. Þetta eru erfðir tímar, en ég hef fengið mjög góðar viðtökur. Fólk er mjög opið

Una Hlín Kristjánsdóttir er fatahönnuður sem setti á stofn fata-merkið Royal Extreme í byrjun þessa árs. Fatalínan er ætluð dömum og hefur vakið mikla athygli. Stíllinn ræddi við Unu um merkið og ferilinn.

fyrir nýju og fersku merki og það hefur verið mikil hvatning.

Finnst þér þú fá næga umfjöllun? Ég hef fengið rosalega góða umfjöllun, bæði hér heima og erlendis. Í kjölfar Reykjavík Fashion Festival fékk ég til dæmis talsverða umfjöllun í erlendum tímaritum, á bloggsíðum og í vef tímaritum.

Hvar er hægt að kaupa vöruna? Línan er vetrarlína og kemur því ekki í búðir fyrr en í lok júní. Ég hef fengið fyrirspurnir frá nokkrum búðum um sölu vörunnar bæði

hérlandis og erlendis en er enn að velja. Draumurinn er að opna Royal Extreme búð og er ég að vinna í því.

Á hvaða verðbili er varan?

Ég myndi segja að varan nái upp í high-end merki. Ég vinn með gæða efni og vönduð snið, smáatriðin eru öll handgerð svo varan kostar auðvitað sitt.

Hver er grunnhugmyndin á bak við línuna? Að hanna fót og fylgihluti fyrir konur sem klæða sig í flíkina og líður tignarlega eins og drottningum. Fylgihlutirnir

henta vel við látlaus dress og gera algjörlega dressið. Hvað litapallettuna varðar þá vinn ég alltaf með klassíska liti í grunninn, í þessu tilfelli svartan og gráan. Signature-litur línunnar er royalrauður og pop-up liturinn gulur.

Fylgihlutirnir hafa vakið athygli, er hönnun þeirra sérstakt áhugamál?

Ég hef alltaf fílað fylgihluti og mér fannst vanta ákveðna hluti eins og til dæmis tölvutöskur fyrir dömum, sem eru oftast en ekki hallærislegar, en konur nota daglega. Sokkarnir hafa einnig verið vinsælir. Það er svo gaman og gott að eiga vandada og fallega fylgihluti sem poppa dressið og láta þér líða eins og mega þæju.

Hvað tekur við? Ég er byrjuð að vinna að sumarlinu fyrir árið 2011. Línan er að stækka úr 30 flíkum yfir í 60 flíkum og svo eru að bætast við nokkrar herravörur. Nýtt með næsta sumri verða einnig skór, ég læt framleiða fyrir mig tvær týpur af skóm.



BERGLIND SIGURÐARDÓTTIR ER EIGANDI FATAHÖNNUNARSKÓLANS

Nýr fatahönnunarskóli

Berglind Sigurðardóttir opnar Fatahönnunarskóla Íslands

„Innritunin hefur gengið vonum fram, það er mikil eftirspurn en við munum taka við 25 nemendum,“ segir Berglind Sigurðardóttir eigandi Fatahönnunarskóla Íslands. Skólinn er nýjung á íslenskum markaði og verður kennt við skólann í fyrsta sinn nú í vetur. Berglind segir hugmyndina hafa verið í þróun frá árinu 2008, þegar hún kom heim frá Danmörku úr námi.

„Kennarar skólans hafa mikla reynslu úr bransanum, bæði hér heima og erlendis,“ segir Berglind. Á meðal kennara eru Björg, hönnuður hjá Spakmannsspjörum, Helga Rún, búningahönnuður og Harpa Einarsdóttir, sem hefur hannað búninga hjá CCP fyrir Eve Online. „Einnig munu erlendir og innlendir fyrirlesarar heimsækja skólann,“ segir Berglind. Skólinn veitir diploma-gráðu í fatahönnun.

Geta saumað hvað sem er eftir útskrift

Boðið verður upp á kvöldnámskeið þar sem kennsla

verður fjölbreytt, kennd verður markaðsfræði, saumar, tölvur og fleira tengt fatahönnun. Berglind segir að skólinn muni taka við 25 nemendum sem koma svo til með að vinna í smærri hópum eftir fögum. „Námið er fjölbreytt og eiga útskrifaðir nemendur að geta saumað nánast hvað sem er. Lögð er áhersla á sauma, sniðagerð og teikningu en einnig verða kenndir kúrsar á borð við leðursauma, síðkjólasauma, korselettsauma og ýmislegt fleira,“ segir Berglind.

Hún telur framtíðarmöguleika fatahönnuða á Íslandi góða og segir mikinn uppgang vera í íslensku fatahönnun. „Það er mikilvægt að geta saumað flíkurnar sjálfur, enda er dýrt að ráða til saumakonur,“ segir hún.

Viðtöl og próf fyrir Fatahönnunarskólann verða haldin á tímabilinu 14.-21. júní, þar sem spjallað verður við umsækjendur. Skólinn gerir ekki sérstaka kröfu um kunnáttu við sauma eða hönnun. Frekari upplýsingar má nálgast á www.fai.is.

VILTA VESTRIÐ


Akranes
13:00

Meira en knattspyrna og fagrar konur á Akranesi

„Markmiðið er að koma Akranesi á kortið fyrir eitthvað annað en knattspyrnu, kartöflur og fagrar konur,“ segir Sigurmon Sigurðsson, einn af aðstandendum tónlistarhátíðarinnar Viltta Vestrið. Hátíðin fer fram á laugardagskvöld í Bíóhöllinni og Gamla Kaupfélaginu á Akranesi og segir Sigurmon að Viltta Vestrið eigi að vera með svipuðu sniði og tónlistarhátíðirnar Réttir og Aldrei fór ég suður.

„Við viljum færa landsbyggðinni grasrótina sem er vinsælust í höfuðborginni og viljum að sjálfsögðu fá fólk alls staðar af landinu til að mæta. Þetta er frábært tækifæri fyrir fólkið í borginni til að kíkja út á land og hlusta á góða tónlist og efnileg bönd. Eins og við vitum er jafn langt frá Akranesi til Reykjavíkur og frá Reykjavík til Akraness,“ segir Sigurmon.

Hann er sjálfur söngvari í hljómsveitinni Cosmic Call og trommuleikari í Weapons, sem koma báðar fram á Viltta Vestrinu. Á meðal annarra sem troða upp má nefna Leaves, Ólaf Arnalds, Cliff Clavin, Sykur og sænska bandið Bolywool. Miðinn á hátíðina kostar 2.000 krónur og er hægt að kaupa miða á Mídi.is. Með hverjum miða fylgir frítt niðurhal á plötunni Viltta Vestrið 2010 á Gogoyoko.com.



Mynd/Eggert

ALÞJÓÐLEGT ORGELSUMAR

Hallgrímskirkja
12:00 Hádegistónleikar í tilefni af alþjóðlegu orgelsumari. Björn Steinar Sólbergsson, organisti við Hallgrímskirkju og skólastjóri Tónskóla Þjóðkirkjunnar, leikur fjölbreytta efnisskrá. Aðgangseyrir 1.000 krónur. Sjá nánar á listvinafaglag.is.

FÍASÓL

Þjóðleikhúsið, Kúlan
13:00 og 15:00 Sprellfjörug sýning fyrir alla fjölskylduna, byggð á vinsælum barnabókum eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur. Leikstjóri er Vigdís Jakobsdóttir. Miðaverð 1.500 krónur.

KVINTETT STÍNU ÁGÚSTS

Jómfrúin
15:00 Kvintett söngkonunnar Kristínar Ágústsdóttur kemur fram á öðrum tónleikum sumartónleikaraðar veitingahússins Jómfrúarinnar við Lækjargötu. Leikið er utandyra á Jómfrúartorginu og standa tónleikarnir til klukkan 17.

ÍSLANDSKLUKKAN

Þjóðleikhúsið, Stóra sviðið
19:00 Íslandsklukkan eftir Halldór Laxness er afmælistýning Þjóðleikhússins, en 60 ár eru liðin frá opnun þess, þann 20. apríl árið 1950. Íslandsklukkan var einmitt ein af þremur opnunarstýningum leikhússins. Leikstjóri er Benedikt Erlingsson. Miðaverð 3.400 krónur.

HELLISBÚINN Á TÚR

Edinborgarhúsið á Ásafirði
19:00 Hellisbúinn var sýndur fyrir fullu húsi í Íslensku óperunni og ferðast nú um landið. Jóhannes

Haukur Jóhannesson er Hellisbúinn, Rúnar Freyr Gíslason leikstjóri og Sigurjón Kjartansson sá um að þýða og staðfæra.

FERÐASAGA GUÐRÍÐAR

Víkingaheimar, Reykjanesbæ
20:00 Víkingaskipið Íslendingur er orðið að leiksviði í nýju leikhúsi í Víkingaheimum í Reykjanesbæ. Þar er nú sýnd Ferðasaga Guðríðar eftir Brynju Benediktsdóttir, í nýrri uppfærslu Maríu Ellingsen, en sýningin fór upphaflega sigurför um Bandaríkin og Kanada í tilefni árþúsundamótanna. Miðaverð 3.400 krónur.



GAURAGANGUR

Borgarleikhúsið, Stóra sviðið B
20:00 Ormur Óðinsson og félagar eru mættir aftur á fjallirnar í þessu ástsæla verki Ólafs Hauks Símonarsonar. Aðalhlutverkið er í höndum Guðjóns Davíðs Karlssonar en tónlistin í verkinu var sérsamin af hljómsveitinni Ný dönsk. Miðaverð 3.950 krónur.

DÚFURNAR

Borgarleikhúsið, Nýja Sviðið B
20:00 Meinfyndið leikrit eftir David Gieselmann sem ætti að höfða til þeirra sem hafa gaman af sjónvarpsáttum á borð við Klövn og The Office. Miðaverð 3.450 krónur.



PEARL JAM TRIBUTE OG GÍSLI GALDUR

Prikið
21:00 Pearl Jam tribute-band úti í porti ef veður leyfir. Plötusnúðurinn Gísli Galdur tekur við stjórninni um miðnætti.

LUKKU-SUNNUDAGUR

Enski barinn
21:00 Ingó Veðurguð spilar, ýmsar uppákomur verða og tilboð á barnum. HM í fullum gangi allan daginn.

ÚTGÁFUTÓNLEIKAR LJÓTU HÁLFVITANA

Ydalir, Aðaldal
21:00 Ljótu hálfvitarnir fagna útgáfu þriðju hljómsveitinni, með tónleikum að Ydolum í Aðaldal í Suður-Þingeyjarsýslu. Uppistaðan í efnisskránni er efni af nýju plötunni í bland við slagara af eldri plötum sveitarinnar. Miðaverð 2.500 krónur.

13 júní

TÓNLEIKAR MEÐ HVANNDALSBRÆÐRUM

Volcano Vestmannaeyjum
22:00 Hvannaldalsbræður halda áfram að fagna útgáfu nýjustu plötu sinnar, sem er samnefnd sveitinni og inniheldur fjölda slagara.



SVAVAR KNÚTUR OG GESTIR

Rósenberg
22:00 Svavar Knútur treður upp uppákomur verða og tilboð á barnum. HM í fullum gangi allan daginn.

JUAN CUBAN OG FÉLAGAR

Hressingarskálinn
22:00 Juan Cuban og félagar leika fyrir dansi. Það er svo plötusnúðurinn Fannar sem spilar til lokunar.

TROPICAL GIRLS NIGHT

Café Oliver
23:00 Tilboð á kokteilum. Plötusnúðurinn Maggi stígur á stokk á miðnætti og heldur uppi stuðinu til lokunar.

KIMONO OG SWORDS OF CHAOS

Sódóma Reykjavík
23:00 Hljómsveitirnar Kimono og Swords of Chaos snúa bökum saman og leika rómað tónleikaprógramm sitt. Langt er síðan þessar tveir sveitir hafa leitt saman hesta sína, en það var á Sólarömbunni á Organ, síðasta vetrardag 2008. Aðgangseyrir 1.000 krónur.

DJ JÓNAS Á VEGAMÓTUM

Vegamót
23:00 Plötusnúðurinn Jónas þeytir skífum fram eftir nóttu.



TRÚBADORASTEMNING

Danska kráin
00:00 Halldór og Sverrir Bergmann spila fyrir mannskapinn fram eftir nóttu.

DJ KRISTJÁN

Thorvaldsen
00:00 Plötusnúðurinn Kristján þeytir skífum fram eftir nóttu.

sunnudagur

13 júní

FÍASÓL

Þjóðleikhúsið, Kúlan
13:00 og 15:00 Sprellfjörug sýning fyrir alla fjölskylduna, byggð á vinsælum barnabókum eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur. Leikstjóri er Vigdís Jakobsdóttir. Miðaverð 1.500 krónur.

RÓMEÓ OG JÚLÍA

Borgarleikhúsið, Stóra sviðið B
20:00 Einn af fjölmörgum viðburðum í boði á Listahátíð í Reykjavík er uppfræsla lítháiska leikstjórans Osakaras Korsunovas á einni rómúðustu ástarsögu allra tíma, Rómeó og

Júliu eftir Shakespeare. Þessi uppsetning hefur ferðast um allan heim og hlotið fjölda verðlauna. Miðaverð 3.950 krónur.

STELPU-UPPISTAND

Rósenberg
21:00 Fyndnar stelpur með uppstand. Getur ekki klikkað í lok helgarinnar.

ÞYNNKUBÍÓ – GOONIES

Prikið
22:00 Hin klassíska Goonies sýnd og poppi í boði hússins.

TRÚBADORASTEMNING

Danska kráin
22:00 Trúbadorinn Raggi nær liðinu niður eftir helgina.

TRÚBADORASTEMNING

Enski barinn
22:00 Trúbadorinn Kjartan treður upp.

LIFANDI TÓNLIST

Café Oliver
22:00 Trúbadorar gleða gesti með góðri tónlist.

Allt að gerast - alla fimmtudaga!
monitor@monitor.is

Ray-Ban®



SKOÐAÐU – PANTAÐU

www.opticalstudio.is